

LÖG

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi.
- b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum.
- c. Orðin „enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
- d. 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Lögaðili sky. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.